Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík: Bréf undirritað af Sigurði Halldórssyni og Ólafi Ólafssyni

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík – Frumvarp

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af því, að beðið hefur verið um umsögn, stjórnar Landssambands sjálfstæðis-verkam. og sjóm., á frumvarpi til laga fyrir Alþýðusamband Íslands, leyfum vér oss að láta í ljós eftirfarandi álit:

Stjórn Landssambands sjálfstæðisverkam. og sjóm. álítur, að til þess að hagsmunasamtök launþeganna á Íslandi geti orðið voldug og sterk, þá þurfi að sameina alla launþega undir einu merki innan eins sambands. En vér erum þess full vissir að slík eining næst ekki, nema því aðeins:

I. að hagsmunasamtök launþeganna, hvort heldur eru einstök félög eða samband félaga, standi algjörlega utan við stjórnmálabaráttu einstakra manna eða flokka.

II. að stéttabaráttunni verði algjörlega útrýmt með viðurkenningu á þeim grundvallar sannindum að ein stéttin styður aðra og líf einnar er um leið líf annarar.

III. að hver einstakur félagsmaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

innan félaganna eða sambandsins, sem nýtur almennra þegnréttinda, hafi í öllu fullkomin félagsréttindi og hvorki einum manni eða hóp manna sé gefinn sér staða innan samtakanna.

IV. að einstaklingum, innan félaganna eða sambandsins, sé, hverjum um sig, tryggt fullkomið athafnafrelsi og lagalegur réttur gagnvart einstöku félagi eða sambandinu, þannig að samtökin geti ekki notað sína sterku aðstöðu til að traðka á vinnu- og athafnaréttindum einstakra launþega til hagsmuna forustumönnunum samtakanna eða meðlimum, sem standa forustumönnunum nærri.

V. að allar fjárreiður samtakanna séu þannig úr garði gerðar, að meðlimirnir hafi full tök á að fylgjast þar með, og ná fullkomnum bótum, ef gengið er á rétt þeirra á því sviði.

VI. að skýr og greinargóð ákvæði séu um það í lögum samtakanna, hvernig fara skuli með inneignir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

einstakra meðlima, sem einhverra ástæðna vegna ganga úr samtökunum.

VII. að fylsta lýðræði sé tryggt með hlutfallskosningum.

Þar sem við athugun á frumvarpinu hefur komið í ljós að það uppfyllir hvergi nærri þau sjö grundvallarskilyrði, sem talin eru hér að ofan, þá getur stjórn Landssambands sjálfstæðisverkam. og sjóm. á engann hátt mælt með áður nefndu frumvarpi, sem lög fyrir alsherjar samtök íslenskra launþega, nema því aðeins, að á því séu gerðar verulegar breytingar, sem byggðar væru á þeim grundvallar atriðum, sem bent er á hér að framan.

Ennfremur viljum vér benda á, að til þess að samvinna geti átt sér stað um breytingar á Alþýðusambandi Íslands og áframhaldandi starfsemi þess, þá er nauðsinlegt að Alþýðusambandið leggji fram efnahags- og rekstursreikninga sína alt frá og með árinu 1936 til ársins 1940, sem og reikninga Sambandsins eins og þeir verða lagðir fyrir Alþýðusambandsþing á komandi hausti, og fult samkomulag náist um eigna- og skuldaskiptingu Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins. Þessa kröfu verðum vér að gera með tilliti til þess, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vér höfum verið sviftir réttindum til að hafa áhrif á fjárhald Alþýðusambandsins eða aðra starfsemi þess undanfarin ár, og til þess að tryggja að Alþýðuflokkurinn beri ekki Alþýðusambandið ofurliði við eigna- og skuldaskiptinguna.

Vér munum á þessu stigi málsins ekki koma fram með breytingartillögur við einstakar greinar frumvarpsins en aðeins telja hér á eftir upp nokkrar greinar frumvarpsins, sem vér í fljótu bragði álítum að þurfi breytingar við. Þær greinar eru: 3. gr. – 4. gr. – 6. gr. – 13. gr. – 15. gr. – 20. gr. – 21. gr. – 22. gr. – 23. gr. – 25. gr. – 32. gr. – 33. gr. – 37. gr. – 38. gr. – 40. gr. – 47. gr. – 49. gr.

Ennfremur teljum vér að vanti nokkur af ákvæðum í lögin, sem miða að því að tryggja hin sjö áður nefndu grundvallaratriði.

f. h. Landssambandsstj. sjálfst. v. og sjóm.

Sigurður Halldórsson
(v. forseti)

Ólafur Ólafsson
(ritari)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur